

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Smári Karlsson
Dags. 7. mars 2024
Mnr. 2024030039



ÍSAFJARÐARBÆR

Daltunga 4 - niðurfelling gatnagerðargjalda

Lóðinni Daltungu 4 var úthlutað til Tanga ehf. þann 16. júní 2022. Í nóvember sama ár barst ósk frá lóðarhafa um niðurfellingu gatnagerðargjalda í samræmi við samþykktir bæjarstjórna, en lóðin fellur undir ákvæði samþykktarinnar. Formleg afgreiðsla erindis Tanga fór ekki fram þar sem um tíma leit út fyrir fyrirtækið ætlaði að skila lóðinni og hætta við byggingaráform. Nú er staðan sú að fyrirtækið ætlar að halda áfram með byggingu íbúðarhúss á lóðinni og hefur óskað eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar þann 6. október 2022.

Gatnagerðargjöld lóðarinnar miðað við úthlutunardag eru kr. 6.130.575-